

Útvistunarstefna Eftirlaunasjóðs FÍA

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Stefna þessi gildir um alla útvistun. Tilgangur stefnunar er tryggja samræmt verklag um útvistun og umsjón og eftirlit með útvistuðum verkefnum.

Stefnan er sett með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014, um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitisins nr. 2/2014, um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

2. gr. Orðskýringar

Í stefnu þessari merkir:

1. Útvistun: Fyrirkomulag, á hvaða formi sem er, milli lífeyrissjóðs og þjónustuveitenda sem felur í sér að þjónustuveitandi tekur að sér framkvæmd hluta af nauðsynlegri starfsemi og þjónustu lífeyrissjóðsins sem hann myndi ella annast sjálfur. Kaup á rekstrarvörum eða almennri þjónustu sem ekki varðar starfsemi lífeyrissjóðsins, s.s. þjónusta er varðar rekstur fasteigna, samgöngur, fjarskipti o.þ.h. sem og tilfallandi verkefni sem verktakar eru fengnir til að sinna teljast ekki vera útvistun.
2. Þjónustuaðili/útvistunaraðili: Sá aðili sem veitir lífeyrissjóðnum þjónustu samkvæmt útvistunarsamningi.
3. Útvistunarsamningur: Samningur sem samkvæmt efni sínu felur í sér að lífeyrissjóðurinn feli þjónustuaðila að taka að sér framkvæmd hluta af nauðsynlegri starfsemi eða þjónustu lífeyrissjóðsins.
4. Keðjuútvistun: Þegar þjónustuaðili útvistar þeirri þjónustu sem hann hefur tekið að sér samkvæmt útvistunarsamningi við lífeyrissjóðinn til þriðja aðila, sem ekki tilheyrir sömu samstæðu.
5. Verkefni sem hefur mikilvæga þýðingu: Verkefni skal talið hafa mikilvæga þýðingu ef annmarki eða misbrestur á framkvæmd þess yrði til þess að skaða verulega rekstrarárangur eða styrkleika lífeyrissjóðsins eða getu hans til að uppfylla skilyrði og skyldur sem fylgja starfsleyfi hans eða samkvæmt lögum.
6. Verkefni sem hefur ekki mikilvæga þýðingu: Með fyrirvara um stöðu annarra verkefna skulu eftirfarandi verkefni, sem varða starf eða þjónustu sem lífeyrissjóðurinn veitir, ekki talin hafa mikilvæga þýðingu:
 - a. ráðgjafarþjónusta og önnur þjónusta til lífeyrissjóðsins, þ.m.t. lögfræðiþjónusta fyrir lífeyrissjóðinn, þjálfun starfsfólks, reikningagerð og öryggisgæslu,
 - b. kaup á staðlaðri þjónustu, þ.m.t. markaðs- og verðupplýsingum.

Sto
Kæ
2014

3. gr. Almennt um stofnun og áhrif útvistunar

Lífeyrissjóðurinn skal sýna tilhlýðilega aðgát og kostgæfni þegar hann stofnar til, fer með eða bindur enda á hvers kyns útvistun verkefna. Lífeyrissjóðurinn skal tryggja, með eigin aðgerðum eða formlegu samstarfi við aðra aðila en þjónustuaðilann, að þeir sem geri útvistunarsamninga búi yfir nægilegri þekkingu til að gera slíka samninga (tæknilegri og lagalegri).

Ábyrgð lífeyrissjóðsins samkvæmt lögum, þ.m.t. stjórnunarleg ábyrgð, helst óbreytt þrátt fyrir útvistun.

Lífeyrissjóðurinn skal hafa allar upplýsingar tiltækar fyrir Fjármálaeftirlitið til þess að gera því kleift að hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum við framkvæmd útvistunar.

Óheimilt er að útvista verkefni ef slíkt er líklegt til að auka rekstrar-, orðspors eða samþjöppunaráhættu lífeyrissjóðsins, hafa skaðleg áhrif á innra eftirlit eða rýra, afnema eða breyta skilyrðum starfsleyfis lífeyrissjóðsins.

Keðjuútvistun á hýsingu á upplýsingakerfum og gögnum lengra en til þriðja aðila er óheimil.

4. gr. Eftirlit með útvistuðum verkefnum

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur eftirlit með því að hinni útvistuðu þjónustu sé sinnt í samræmi við lög og reglur og viðkomandi útvistunarsamning.

Verði stjórn lífeyrissjóðs áskynja um að frammistaða þjónustuaðila sé ófullnægjandi og ekki í samræmi við útvistunarsamning, meðal annars m.t.t. kostnaðar, gæða þjónustu, lagaskilyrða eða innri reglna, skal stjórn grípa til viðeigandi aðgerða. Aðgerðir geta m.a. verið fólgnar í því að veita frest til úrbóta og að veita leiðbeiningar og uppsögn útvistunarsamnings ef vanefnd er veruleg, sbr. 7. gr. þessara reglna.

Árlega skal framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins taka saman skýrslu til stjórnar með lykilupplýsingum um framgang útvistunarverkefna og niðurstöðum helstu eftirlitsaðgerða.

Þjónustuaðili skal upplýsa lífeyrissjóðinn um framvindu á útvistuðu verkefni og veitir honum allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við stefnu þessa.

Vegna útvistunarverkefna, annara en þess er snýr að Arion banka tilnefnir stjórn framkvæmdastjóra sjóðsins sem ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðili hefur eftirlit og eftirfylgni með útvistuðum verkefnum.

5. gr. Útvistunarsamningur

Samningur um útvistun verkefna skal vera skriflegur og uppfylla skilyrði reglna þessara og viðeigandi laga og reglna um útvistun. Í samningnum skal kveðið skýrt á um réttindi og skyldur lífeyrissjóðsins annars vegar og þjónustuaðila hins vegar og hvaða þjónustu skal veita.

Í útvistunarsamningi skal kveðið á um hvort keðjuútvistun sé heimil og hvaða skilyrði gildi um slíkt.

Stjórn
KR
Bull
2021
ZG

Í útvistunarsamningi skal meðal annars kveðið á um að þjónustuaðili skuli ávallt fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. að hafa hæfni, getu og öll leyfi sem krafist er samkvæmt lögum og reglum lífeyrissjóðsins, til að inna af hendi útvistuð verkefni af áreiðanleika og fagmennsku,
2. að inna af hendi útvistuð verkefni með skilvirkum hætti, og hafa fullnægjandi eftirlit með framkvæmd útvistaðra verkefna og stýra á viðunandi hátt áhættum er tengjast hinum útvistuðu verkefnum,
3. að upplýsa lífeyrissjóðinn um hvers kyns þróun sem gæti haft veruleg áhrif á getu sína til að inna af hendi útvistuð verkefni á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög,
4. að tryggja að lífeyrissjóðurinn, endurskoðendur hans og Fjármálaeftirlitið hafi aðgang að gögnum sem tengjast útvistuðum verkefnum og starfsstöð þjónustuaðila, og gott samtarf við þessa aðila í tengslum við útvistuð verkefni,
5. að gæta þagnarskyldu í samræmi við 32. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og vernda á fullnægjandi hátt trúnaðarupplýsingar sem tengjast lífeyrissjóðnum eða sjóðfélaga hans sem og með hvaða hætti gögnum verði eytt við lok samningstíma,

6. gr. Skilyrði útvistunar verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu

Lífeyrissjóðurinn skal hafa viðbúnaðaráætlun vegna útvistunar verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu, þannig að hægt sé að hætta útvistun, ef þörf krefur, án þess að skaði samfellda þjónustu sem sjóðurinn veitir sjóðfélögum sínum.

Lífeyrissjóðurinn skal viðhalda þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er til að hafa eftirlit með útvistuðum verkefnum sem hafa mikilvæga þýðingu á skilvirkan hátt og stýra áhættu sem tengist útvistuninni.

7. gr. Uppsögn samnings um útvistun

Í útvistunarsamningum skal greina sérstaklega frá áskilnaði um uppsögn á samningi og undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að segja samningi upp. Skal miðað við þá meginreglu að rifta megi samningi ef um verulega vanefnd á samningi er að ræða.

8. gr. Birting, gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar skulu birtar á innra neti lífeyrissjóðsins og taka gildi við birtingu.

Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA 16. desember 2015

Sturla Ómarsson
Kristín Björnsdóttir
Kristín B. Björnsdóttir
Beyr Þorvaldsson
G. E. Guðmundsson